

Nefndasvið Alþingis
fjárlaganefnd
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 5. júní 2020
Tilvísun: 202005031 / 2.5

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um heimild til að stofna opinbert hlutafélag um uppbyggingu samgönguinnviða á höfuðborgarsvæðinu

Vísað er til tölvupósts nefndasviðs Alþingis dags. 12. maí sl. þar sem Skipulagsstofnun er gefinn kostur á að veita umsögn um frumvarp til laga um heimild til að stofna opinbert hlutafélag um uppbyggingu samgönguinnviða á höfuðborgarsvæðinu, sbr. 735. mál.

Skipulagsstofnun fagnar skrefum sem stigin eru til að tryggja að ríkið og sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu vinni saman að loftslagsvænni og sjálfbærri þróun byggðar og samgangna á höfuðborgarsvæðinu.

Að neðan er gerð grein fyrir ábendingum Skipulagsstofnunar varðandi frumvarpið.

2. gr. Tilgangur og markmið félagsins

Í inngangi greinargerðar með frumvarpinu er vísað til samgöngusáttmála ríkisins og sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu frá árinu 2019 sem hafi að markmiði að stuðla að bættum lífsgæðum á höfuðborgarsvæðinu með uppbyggingu skilvirkra, hagkvæmra, öruggra og umhverfisvænna samgönguinnviða. Í markmiðsákvæði frumvarpsins er hinsvegar ekki vikið að framangreindu markmiði um að stuðla að bættum lífsgæðum á höfuðborgarsvæðinu. Skipulagsstofnun telur um að ræða grundvallarforsendu fyrir efni frumvarpsins sem ástæða sé til að komi fram í markmiðum frumvarpsins.

Í inngangi greinargerðar með frumvarpinu er jafnframt vísað til greininga sem unnar hafa verið við gerð svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins sem sýnt hafa fram á þörf á að breyta ferðamátum á höfuðborgarsvæðinu og auka hlutgangandi, hjólandi og þeirra sem nýta almenningsamgöngur til að draga úr töfum í umferð og auka lífsgæði íbúa. Þá er óumdeilt að stórauka þarf hlutdeild virkra ferðamáta og almenningsamgangna á höfuðborgarsvæðinu til að ná megi markmiði stjórnvalda um sjálfbært, kolefnishlutlaust borgarsamfélag. Hinsvegar segir í markmiðsákvæði frumvarpsins að stuðla skuli að „jafnri uppbyggingu innviða allra samgöngumáta“. Skipulagsstofnun telur þetta orðalag ekki endurspegla það sem rætt er að framan. Markmiðum frumvarpsins verður að mati Skipulagsstofnunar ekki náð með jafnri uppbyggingu innviða allra samgöngumáta. Hvort sem horft er til loftslagsmarkmiða eða markmiða um lífsgæði, skilvirkni, hagkvæmni eða öryggi, er ljóst að breyta þarf áherslum í uppbyggingu samgönguinnviða frá því sem verið hefur og setja vistvæna ferðamáta í forgang

Í ljósi framangreinds leggur Skipulagsstofnun til að a-liður 2. gr. frumvarpsins hljóði svo:

„Að stuðla að bættum lífsgæðum á höfuðborgarsvæðinu með skilvirkum, hagkvæmum, öruggum og umhverfisvænum samgöngum með áherslu á breyttar ferðavenjur, almenningssamgöngur og virka ferðamáta.“

3. gr. Hlutverk og verkefni félagsins

Í 3. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um hlutverk og verkefni hins opinbera hlutafélags.

b- og c-liður

Skipulagsstofnun mælir með að hlutverk og verkefni félagsins sem tilgreind eru í b- og c-lið greinarinnar verði skýrar afmörkuð, þannig að fram komi hvert skal vera viðfangsefni þeirrar áætlanagerðar sem nefnd er í b-lið og hverskonar verkefni getur verið um að ræða samkvæmt c-lið.

d-liður

Samkvæmt d-lið greinarinnar hefur félagið það hlutverk að „fylgja því eftir“ að sveitarfélögin vinni að nauðsynlegum breytingum á skipulagsáætlunum. Þar sem forræði á gerð skipulagsáætlana liggur samkvæmt skipulagslögum hjá viðkomandi sveitarfélögum og að hið opinbera hlutafélag er ekki stjórnvald í skilningi stjórnsluréttar, telur Skipulagsstofnun að betur eigi við að c-liður hljóði svo: „Að vinna með hlutaðeigandi sveitarfélögum að nauðsynlegri skipulagsgerð“. Er það einnig í betra samræmi við umfjöllun um þetta ákvæði í athugasemdum við 3. gr. frumvarpsins.

f-liður

Samkvæmt f-lið greinarinnar felast hlutverk og verkefni félagsins meðal annars í að „annast þróun á landi“. Skipulagsstofnun telur þörf á að skýra betur í ákvæðinu hvað átt er við, svo sem hvort félagið getur á grundvelli þessa ákvæðis haft með höndum skipulagsgerð og hönnun byggðar á viðkomandi landi (í samvinnu við viðkomandi sveitarfélag), uppbyggingu viðkomandi svæða og jafnvel rekstur þeirra á meðan eða eftir að uppbyggingu er lokið. Þetta telur Skipulagsstofnun ekki vera skýrt í frumvarpinu og mikilvægt að þetta sé skýrt áður en frumvarpið er afgreitt.

Þá telur stofnunin ástæðu til að skýra betur í ákvæðinu hvaða markmið skulu liggja til grundvallar ákvörðunum félagsins um „þróun á landi“. Í ákvæðinu í f-lið 3. gr. segir að markmiðið skuli vera að „að ná fram hámarksvirði“ landsins. Sambærilegt ákvæði er að finna í 2. mli. 2. mgr. 7. gr. frumvarpsins. Skipulagsstofnun minnir í þessu sambandi á að landsskipulagsstefna, svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins og aðalskipulag hlutaðeigandi sveitarfélaga hafa að geyma markmið um gæði hins byggða umhverfis, fjölbreyttan húsnæðiskost og fleiri skipulagssjónarmið sem hafa þarf í huga hvað varðar möguleika á að ná „hámarksvirði“ út úr landi. Vísað er slíkra atriða í athugasemdum við 7. grein frumvarpsins, en það endurspeglast hinsvegar ekki í ákvæðinu í f-lið 3. greinar. Skipulagsstofnun leggur til að við f-lið bætist: „að teknu tilliti til annarra skipulagssjónarmiða“.


Ásdís Hlökk Theodórsdóttir